

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 165/1956. **Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað,**

gegn

Bjólfi h/f.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Þ. Torfa-
son prófessor.

Kærumál. Ömerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar, er háð var hinn 30. f. m. af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta ásamt samdómsmönnum Sveinlaugi Helgasyni og Friðbirni Hólmi, fór fyrirsvarsmaður varnaraðilja þess á leit, að í máli sóknaraðilja gegn honum yrði ákveðinn skriflegur málflutningur. Þessu andmælti fyrirsvarsmaður sóknaraðilja. Að svo vöxnu máli bar héraðsdómi að kveða á um ágrein-
ingsefni þetta með úrskurði, þar sem greindir væru máls-
aðiljar, mál það, sem um var að tefla, helztu málsástæður
og svo niðurstöður dómsins, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr.
85/1936. Þetta gerði dómurinn ekki, en færði einungis til
bókar, að ákveðinn væri skriflegur málflutningur. Þessari
ákvörðun dómsins hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar
með kæru 3. þ. m., er barst Hæstarétti hinn 10. s. m. Krefst
hann þess, að munnlegur málflutningur verði ákveðinn í
sjó- og verzlunardómsmálinu og að varnaraðilja verði dæmt
að greiða honum kærumálskostnað. Varnaraðili krefst stað-
festingar hinnar kærðu dómsathafnar og kærumálskostnaðar
úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt því, sem áður greinir, ber að fella hina kærðu
dómsathöfn úr gildi og vísa málinu heim í hérað til uppsögu
löglegs úrskurðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn er úr gildi felld, og er málinu

visað heim í hérað til löglegrar meðferðar samkvæmt framangreindu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Ákvörðun sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar 30. nóvember 1956.

Dómarinn ákvað skriflegan málflutning.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 158/1955. **Keilir h/f**

gegn

Jósep Jóhannssyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Keilir h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 130/1956. **Vigfús Einarsson**

gegn

Sverri Aðalbjörnssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vigfús Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
